

## GÓÐ AFKOMA ICELANDAIR GROUP Á ÖÐRUM ÁRSFJÓRÐUNGI

- | Hagnaður eftir skatta nam 18,5 milljónum USD samanborið við 14,3 milljónir USD árið áður.
- | EBITDAR nam 42,9 milljónum USD samanborið við 28,8 milljónir USD árið áður.
- | Heildartekjur jukust um 13%.
- | Eiginfjárlutfall 32% í lok júní.
- | Handbært fé frá rekstri 106,4 milljónir USD samanborið við 72,2 milljónir USD árið áður.

Þúsundir USD	2. ársfj. 2013	2. ársfj. 2012	Breyt.	% Breyt.	6 mán. 2013	6 mán. 2012	Breyt.	% Breyt.
<b>Rekstrarreikningur</b>								
Heildartekjur	265.600	234.395	31.205	13%	438.645	392.093	46.552	12%
EBITDAR	54.611	42.891	11.720	27%	58.733	54.027	4.706	9%
EBITDA	42.936	28.818	14.118	49%	34.622	25.770	8.852	34%
EBIT	24.769	14.514	10.255	71%	1.771	-2.209	3.980	180%
EBT	23.305	17.811	5.494	31%	382	1.184	-802	-68%
Hagnaður tímabilsins	18.490	14.319	4.171	29%	201	1.130	-929	-82%
<b>Efnahagsreikningur</b>								
Heildareignir	-	-	-	-	901.308	821.678	79.630	10%
Eigið fé	-	-	-	-	285.145	253.692	31.453	12%
Vaxtaberandi skuldir	-	-	-	-	137.066	167.096	-30.030	-18%
Handbært fé og markaðsverðbréf	-	-	-	-	222.088	189.090	32.998	17%
Nettó vaxtaberandi skuldir	-	-	-	-	-85.022	-21.994	-63.028	-
<b>Sjóðsstreymi</b>								
Veltufé frá rekstri	48.154	38.429	9.725	25%	46.673	40.886	5.787	14%
Handbært fé frá rekstri	106.436	72.214	34.222	47%	184.889	158.352	26.537	17%
Fjárfestingahreyfingar	-15.477	-16.826	1.349	-8%	-56.272	-29.335	-26.937	92%
Fjármögnunarahreyfingar	-15.690	-10.214	-5.476	54%	-26.929	-35.928	8.999	-25%
Handbært fé í lok tímabils	219.343	172.135	47.208	27%	219.343	172.135	47.208	27%
<b>Lykiltölur</b>								
Afkoma USD cent á hlut	0,37	0,29	0,08	28%	0,00	0,02	-0,02	-100%
Innra virði hlutfjár	-	-	-	-	7,03	6,25	0,78	12%
Eiginfjárlutfall	-	-	-	-	32%	31%	0,8 %-stíg	-
Veltufjárlutfall	-	-	-	-	0,82	0,84	-0,02	-2%
Fjárfestingar, þúsundir USD	27.229	20.697	6.532	32%	70.331	43.675	26.656	61%
Flutningatekjur % af heildartekjum	71%	69%	2,0 %-stíg	-	68%	64%	3,7 %-stíg	-
EBITDAR hlutfall	20,6%	18,3%	2,3 %-stíg	-	13,4%	13,8%	-0,4 %-stíg	-
EBITDA hlutfall	16,2%	12,3%	3,9 %-stíg	-	7,9%	6,6%	1,3 %-stíg	-
<b>Hlutabréf íslenskar krónur</b>								
Hæsta verð á tímabili	13,49	6,66	6,83	103%	13,49	6,66	6,83	103%
Lægsta verð á tímabili	11,13	6,10	5,03	82%	8,22	4,83	3,39	70%
Lokaverð tímabils	-	-	-	-	12,99	6,61	6,38	97%
Markaðsvirði í lok tímabils (milljónir)	-	-	-	-	64.950	33.050	31.900	97%

## BJÖRGÓLFUR JÓHANNSSON, FORSTJÓRI

„Afkoma Icelandair Group á öðrum ársfjórðungi var góð og batnaði á milli ára. Hagnaður eftir skatta nam 18,5 milljónum USD og jókst um 4,2 milljónir USD miðað við síðasta ár. Millilandaflugstarfsemi félagsins gengur vel. Framboð var aukið um 17% á milli ára og fjöldi farþega í fjórðungnum nam um 609 þúsund. Framboðsaukningin var mest á N-Atlantshafinu og á þeim markaði jókst fjöldi farþega einnig mest eða um 22%.

Ferðapjónustan á Íslandi hefur notið góðs af fjölgun ferðmanna til landsins, en í ár stefnir í metfjölda þeirra er sækja Ísland heim. Fraktstarfsemi félagsins hefur gengið vel en aukin áhersla á flutninga með frakt í áætlunarflugi í stað leiguflungsverkefna hefur skilað góðum árangri.

Í byrjun árs gáfum við út EBITDA spá fyrir árið 2013 sem nam 115-120 milljónum USD og var sú spá uppfærð í 122-127 milljónir USD þegar uppgjör fyrsta ársfjórðungs var birt. Fyrstu sex mánuði ársins hefur reksturinn gengið vel og ytri aðstæður hafa þróast á hagfelldan hátt fyrir félagið. Eldsneytisverð hefur verið lægra en gert var ráð fyrir í spám félagsins og þróun helstu gjaldmiðla hefur sömuleiðis verið hagfelld ef horft er á forsendur í spám félagsins. Bókunarstaða fyrir seinni helming ársins er góð og miðað við fyrirbyggjandi forsendur er gert ráð fyrir að EBITDA ársins verði 140-145 milljónir USD.

## FLUTNINGATÖLUR

- | Farþegar í millilandaflugi voru tæp 609 þúsund og fjölgaði um 11%.
- | Sætanyting í millilandaflugi var 79,6%.
- | Seldum blokk tímum í leiguflungsverkefnum fækkaði um 11% á milli ára.
- | Seldum gistinóttum á hótélum félagsins fjölgaði um 6% á milli ára.

	2.ársfj. '13	2. ársfj. '12	% br.
<b>MILLILANDAFLUG</b>			
Farþegafjöldi ('000)	608,9	547,0	11%
Sætanyting (%)	79,6	82,1	-2,6 %-stig
Framboðnir sætiskílómetrar ('000.000)	2.245,1	1.910,7	17%
<b>INNANLANDS- OG GRÆNLANDSFLUG</b>			
Farþegafjöldi ('000)	79,1	88,5	-11%
Sætanyting (%)	70,5	68,0	2,6 %-stig
Framboðnir sætiskílómetrar ('000.000)	38,4	45,7	-16%
<b>LEIGUFLUG</b>			
Flotanyting (%)	96,9	94,8	2,0 %-stig
Seldir blokk tímar	6.941	7.808	-11%
<b>FRAKTFLUTNINGAR</b>			
Framboðnir tonn kílómetrar ('000)	51.601	47.131	9%
Seldir tonn kílómetrar ('000)	24.417	23.075	6%
<b>HÓTEL</b>			
Framboðnar gistinætur	80.978	75.788	7%
Seldar gistinætur	57.773	54.533	6%
Herbergjanýting (%)	71,3	72,0	-0,6 %-stig

Framboð í millilandaflugi jókst um 17% á öðrum ársfjórðungi og farþegum fjölgaði á sama tíma um 11%. Farþegaaukning varð á öllum mörkuðum, en mest var hún á markaðinum yfir N-Atlantshafið þar sem hún nam 22%. Aukning á ferðamannamarkaðinum til Íslands nam rúmum 10%. Sætanyting var 79,6% en nam á sama tímabili á síðasta ári 82,1%.

Farþegar í innanlandsflugi og flugi til Grænlands voru um 79 þúsund í fjórðungnum og fækkaði um 11% miðað við síðasta ár. Framboð var 16% minna en á sama tímabili í fyrra. Sætanyting í fjórðungnum nam 70,5% og jókst um 2,6 prósentustig á milli ára. Seldum blokk tímum í leiguflugi í fjórðungnum fækkar á milli ára vegna minni eftirspurnar á leiguflugsmörkuðum. Flutt frakt í áætlunarflugi jókst frá fyrra ári um 6%. Fjöldi seldra gistinóttu jókst um 6% á öðrum ársfjórðungi. Herbergjanýtingin nam 71,3% miðað við 72,0% á sama tímabili á síðasta ári.

## REKSTUR ANNARS ÁRSFJÓRÐUNGS

Þúsundir USD	2. ársfj. 2013	2. ársfj. 2012	Breyting
EBITDAR	54.611	42.891	11.720
EBITDA	42.936	28.818	14.118
EBIT	24.769	14.514	10.255
EBT	23.305	17.811	5.494
Hagnaður tímabilsins	18.490	14.319	4.171
EBITDAR %	20,6%	18,3%	2,3 %-stig
EBITDA %	16,2%	12,3%	3,9 %-stig

Rekstur Icelandair Group gekk vel á öðrum ársfjórðungi. Vöxtur í millilandaflugstarfsemi félagsins nam 17% sem skilaði sér í auknum umsvifum í annarri starfsemi samstæðunnar. Mikil fjölgun ferðamanna til Íslands hafði jákvæð áhrif á alla ferðatengda þjónustu ásamt því að afkoma af fraktstarfsemi hefur batnað, vegna markvissra aðgerða í rekstrinum. EBITDA var jákvæð um 42,9 milljónir USD og jókst um 14,1 milljón USD milli ára. EBITDA-hlutfall var 16,2% á öðrum ársfjórðungi en var 12,3% á sama tímabili 2012. EBIT var 24,8 milljónir USD en var 14,5 milljónir USD á sama tímabili árið á undan. Hagnaður eftir skatta var 18,5 milljónir USD en var á sama tímabili 2012 14,3 milljónir USD. EBITDAR var 54,6 milljónir USD samanborið við 42,9 milljónir USD á öðrum ársfjórðungi 2012. EBITDAR-hlutfall jókst um 2,3 prósentustig og nam 20,6%.

## TEKJUR

- | Heildartekjur voru 13% hærri en á öðrum ársfjórðungi 2012.
- | Farþegatekjur jukust um 17% á milli ára.
- | Flutningatekjur 71% af heildartekjum.

Þúsundir USD	2. ársfj. 2013	2. ársfj. 2012	Breyting	% Breyting	% af tekjum 2013
Flutningatekjur:	188.170	161.295	26.875	17%	71%
Farþegaflug	177.277	151.643	25.634	17%	67%
Vöru- og pósthlutningar	10.893	9.652	1.241	13%	4%
Flugvéla- og áhafnaleiga	29.563	29.106	457	2%	11%
Aðrar rekstrartekjur	47.867	43.994	3.873	9%	18%
<b>Samtals</b>	<b>265.600</b>	<b>234.395</b>	<b>31.205</b>	<b>13%</b>	<b>100%</b>

Flutningatekjur jukust um 26,9 milljónir USD, þar af hækkðu farþegatekjur um 25,6 milljónir USD. Tekjur af flugvéla- og áhafnaleigu jukust um 0,5 milljónir USD og námu 29,6 milljónum USD. Aðrar rekstrartekjur námu 47,9 milljónum USD og jukust um 3,9 milljónir USD eða um 9% miðað við annan

ársfjórðung 2012. Hækkunin skýrist af auknu umfangi rekstrar samstæðunnar, en tekjur af vörusölu á hótélum, flugvöllum og flugvélum hækkuðu um 2,7 milljónir USD miðað við sama tíma á síðasta ári og tekjur af ferðapjónustu um 2,0 milljónir USD. Í töflunni hér að neðan má sjá niðurbrot á öðrum tekjum.

Púsundir USD	2. ársfj. 2013	2. ársfj. 2012	Breyting	% Breyting
Vörusala á hótélum, flugvöllum og flugvélum	20.049	17.386	2.663	15%
Tekjur af ferðapjónustu	17.598	15.608	1.990	13%
Afgreiðslu og þjónustutekjur af flugfrakt	8.271	8.333	-62	-1%
Seld viðhaldspjónusta	1.327	842	485	58%
Söluhagnaður fastafjármuna	-61	183	-244	-133%
Aðrar rekstartekjur	683	1.642	-959	-58%
<b>Samtals</b>	<b>47.867</b>	<b>43.994</b>	<b>3.873</b>	<b>9%</b>

## KOSTNAÐUR

- | Heildarkostnaður jókst um 17,1 milljón USD.
- | Kostnaðarhækkunir eru að mestu tilkomnar vegna meira framboðs í millilandaflugi.
- | Flugvéla- og áhafnaleiga lækkar þar sem vélar sem áður voru á rekstrarleigu eru nú í eigu félagsins auk lækkunar leigu.

Púsundir USD	2. ársfj. 2013	2. ársfj. 2012	Breyting	% Breyting	% af kostnaði 2013
Laun og annar starfsmannakostnaður	63.193	52.760	10.433	20%	28%
Eldsneytiskostnaður	64.496	58.693	5.803	10%	29%
Flugvéla- og áhafnaleiga	17.285	19.738	-2.453	-12%	8%
Afgreiðslu-, lendingar og yfirflugsgjöld	19.198	17.488	1.710	10%	9%
Viðhaldskostnaður flugvéla	11.706	12.541	-835	-7%	5%
Annar rekstrarkostnaður	46.786	44.357	2.429	5%	21%
<b>Samtals</b>	<b>222.664</b>	<b>205.577</b>	<b>17.087</b>	<b>8%</b>	<b>100%</b>

Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður hækkuðu um 10,4 milljónir USD eða um 20% samanborið við annan ársfjórðung 2012. Skýrist það af auknu umfangi rekstrar og áhrifa samningsbundinna launahækkana.

Eldsneytiskostnaður jókst um 5,8 milljónir USD sem er 10% hækkun frá sama tíma í fyrra og skýrist af auknu umfangi í millilandaflugi. Heimsmarkaðsverð á olíu var að meðaltali 931 USD/tonn á öðrum ársfjórðungi 2013 samanborið við 995 USD/tonn á sama tímabili 2012.

Flugvéla- og áhafnaleiga lækkaði í samanburði við annan ársfjórðung 2012 um 2,5 milljónir USD eða 12%. Skýrist það af kaupum af flugvélum sem áður voru á rekstrarleigu auk lækkunar á leigu.

Afgreiðslu-, lendingar- og yfirflugsgjöld hækkuðu um 1,7 milljónir USD á milli ára eða um 10% sem skýrist af auknu framboði ásamt almennum verðhækkunum. Viðhaldskostnaður nam 11,7 milljónum USD og lækkaði um 7% á milli ára. Annar rekstrarkostnaður nam 46,8 milljónum USD og hækkaði um 2,4 milljónir USD á milli ára. Í töflunni hér á eftir má sjá niðurbrot á helstu liðum og þróun milli ára.

Þúsundir USD	2. ársfj. 2013	2. ársfj. 2012	Breyting	% Breyting
Rekstrarkostn. fasteigna og innréttinga	5.525	4.562	963	21%
Samskiptakostnaður	3.542	2.869	673	23%
Auglýsingakostnaður	3.976	3.643	333	9%
Bókunargj., kreditkortabókn. og umboðslaun	8.864	7.324	1.540	21%
Kostnaðarverð seldra vara	5.267	4.568	699	15%
Þjónusta við farþega og hótélgesti	3.625	2.882	743	26%
Aðkeypt þjónusta í ferðaþjónustu	9.924	9.869	55	1%
Breyting á niðurfærslu krafna	-879	2.421	-3.300	-136%
Annar rekstarkostnaður	6.942	6.219	723	12%
<b>Samtals</b>	<b>46.786</b>	<b>44.357</b>	<b>2.429</b>	<b>5%</b>

## FJÁRMAGNSLIÐIR

- Fjármagnsliðir voru neikvæðir á fjórðungnum
- Gengisáhrif voru neikvæð um 42 þúsund USD en voru jákvæð um 5,0 milljónir USD á síðasta ári

Þúsundir USD	2. ársfj. 2013	2. ársfj. 2012	Breyting	% Breyting
Fjármagnstekjur	524	639	-115	-18%
Fjármagnsgjöld	-1.891	-2.286	395	-17%
Gengisáhrif	-42	4.964	-5.006	-101%
<b>Samtals</b>	<b>-1.409</b>	<b>3.317</b>	<b>-4.726</b>	<b>-142%</b>

Fjármagnsgjöld á öðrum ársfjórðungi námu 1,9 milljónum USD og lækkuðu um 0,4 milljónir USD á milli ára. Gengisáhrif á fjórðungnum voru neikvæð að fjárhæð 42 þúsund USD, en voru jákvæð að fjárhæð 5,0 milljónum USD á sama tímabili árið 2012.

## EFNAHAGUR OG FJÁRHAGSLEG STAÐA

- Heildareignir námu 901,3 milljónum USD í lok annars ársfjórðungs.
- Eiginfjárhlutfall var 32%.
- Vaxtaberandi skuldir námu 137,1 milljón USD og lækka frá byrjun árs.

Þúsundir USD	30.06.2013	30.06.2012	Breyting	31.12.2012
Heildareignir	901.308	821.678	79.630	762.895
Eigið fé	285.145	253.692	31.453	295.932
Vaxtaberandi skuldir	137.066	167.096	-30.030	150.906
Nettó vaxtaberandi skuldir	-85.022	-21.994	-63.028	18.112
Handbært fé og markaðsverðbréf	222.088	189.090	32.998	132.794
Eiginfjárhlutfall	32%	31%	1 %-stig	39%
Veltufjárhlutfall	0,82	0,84	-2%	0,94

Varanlegir rekstrarfjármunir námu 315,6 milljónum USD og jukust um 32,6 milljónir USD frá ársbyrjun. Sjá nánari umfjöllun um fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum undir kaflanum um sjóðstreymi og fjárfestingar. Stærsta eign félagsins er flugvélafloti þess. Í töflunni hér á eftir er yfirlit yfir flota félagsins í lok júní. Alls voru 39 flugvélar í flugflotanum, þar af voru 27 í eigu félagsins.

Flugvéla-gerð	Icelandair	Cargo	Loftleiðir	Flugfélag Íslands	Flugfloti 30.06.13	Flugfloti 31.12.12	Eigin vélar	Leigu- vélar	Breyt. frá 31.12.12
B757 200	17	4	3	0	24	23	17	7	1
B757 300	1	0	0	0	1	1	1	0	0
B767 300	0	0	4	0	4	5	0	4	-1
B737 800	0	0	1	0	1	1	0	1	0
Fokker F-50	0	0	0	6	6	6	6	0	0
Dash 8-200	0	0	0	2	2	2	2	0	0
A-320	0	0	0	0	1	1	1	0	0
<b>Samtals</b>	<b>18</b>	<b>4</b>	<b>8</b>	<b>8</b>	<b>39</b>	<b>39</b>	<b>27</b>	<b>12</b>	<b>0</b>

Eigið fé nam 285,1 milljón USD í lok annars ársfjórðungs og eiginfjárlutfallið var 32% og hækkaði samanborið við lok annars ársfjórðungs 2012 þegar það nam 31%. Arður sem samþykktur var á aðalfundi í mars kom til lækkunar á eigin fé, en hann var greiddur út í apríl. Arðurinn nam 0,24 USD á hvern hlut og var samtals 11,8 milljónir USD. Í árslok 2012 var eiginfjárlutfallið 39%.

Vaxtaberandi skuldir námu 137,1 milljón USD, samanborið við 150,9 milljónir USD í ársbyrjun. Afborganir langtímaskulda á öðrum ársfjórðungi námu 3,9 milljónum USD. Handbært fé og markaðsverðbréf námu samtals 222,1 milljón USD í lok annars ársfjórðungs 2013 samanborið við 132,8 milljónir USD í byrjun árs. Nettó vaxtaberandi skuldir námu því -85,0 milljónum USD í lok fjórðungsins og lækkuðu um 103,1 milljón USD frá áramótum.

Þúsundir USD	30.06.2013	30.06.2012	Breyting	31.12.2012
Vaxtaberandi langtímaskuldir	87.433	136.711	-49.278	119.358
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	49.633	30.385	19.248	31.548
Markaðsverðbréf	2.745	16.955	-14.210	15.734
Handbært fé	219.343	172.135	47.208	117.060
<b>Nettó vaxtaberandi skuldir</b>	<b>-85.022</b>	<b>-21.994</b>	<b>-63.028</b>	<b>18.112</b>

## SJÓÐSTREYMI OG FJÁRFESTINGAR

- | Handbært fé í lok annars ársfjórðungs var 219,3 milljónir USD.
- | Fjárfestingar námu 27,2 milljónum USD.
- | Greiddur arður nam 11,8 milljónum USD.
- | Afborganir langtímalána námu 3,9 milljónum USD.

Þúsundir USD	2. ársfj. 2013	2. ársfj. 2012	Breyting
Veltufé frá rekstri	48.154	38.429	9.725
Handbært fé frá rekstri	106.436	72.214	34.222
Fjárfestingahreyfingar	-15.477	-16.826	1.349
Fjármögnunarahreyfingar	-15.690	-10.214	-5.476
Handbært fé, breyting	75.269	45.174	30.095
<b>Handbært fé í lok tímabils</b>	<b>219.343</b>	<b>172.135</b>	<b>47.208</b>

Handbært fé frá rekstri á öðrum ársfjórðungi nam 106,4 milljónum USD og hækkaði um 34,2 milljónir USD miðað við annan ársfjórðung 2012. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum námu 23,9 milljónum USD. Fjárfestingar í langtímakostnaði og óefnislegum eignum námu 3,3 milljónum USD. Sjá yfirlit yfir fjárfestingar hér í töflunni á eftir.

<b>Þúsundir USD</b>	<b>2. ársfj. 2013</b>
Varanlegir rekstrarfjármunir	
Flugvélar og fylgihlutir	18.821
Hreyflayfirhöl eigin vélar	2.521
Aðrar fjárfestingar	2.544
Varanlegir rekstrarfjármunir alls	23.886
Langtímakostnaður	
Hreyflayfirhöl á leiguvélum	2.458
Óefnislegar eignir	885
<b>Fjárfestingar samtals</b>	<b>27.229</b>

Greiddur arður nam 11,8 milljónum USD og afborganir langtímalána námu 3,9 milljónum USD á fjórðungnum. Handbært fé jókst um 75,3 milljónir USD á fjórðungnum en aukning á sama tíma á síðasta ári nam 45,2 milljónum USD.

## HORFUR Í REKSTRI ICELANDAIR GROUP HF.

- | **Almennar horfur í flugrekstri fara batnandi.**
- | **Arðbær innri vöxtur á árinu 2013.**
- | **Afkoma af fraktstarfsemi batnar.**

Skv. nýrri skýrslu frá IATA alþjóðlegu flugmálastofnuninni kemur fram að flugfélög gera almennt ráð fyrir batnandi arðsemi í greininni á komandi mánuðum. Búist er við aukinni eftirspurn í farþegaflugi og eins er aukinnar bjartsýni farið að gæta á fraktmörkuðum. Þá er almennt ekki gert ráð fyrir kostnaðarhækkunum á komandi mánuðum og meðalfargjöld eru talin munu standa í stað, hvort sem um farþegaflug eða fraktflug er að ræða.

Horfur í rekstri Icelandair Group fyrir komandi mánuði eru góðar. Miðað við núverandi forsendur munu áætlanir félagsins um arðbæran innri vöxt á árinu 2013 ganga eftir. Flugáætlun í millilandaflugi verður 16% umfangsmeiri á árinu en á síðasta ári sem skilar sér í jákvæðum áhrifum á aðra starfsemi innan samstæðunnar, hvort sem um er að ræða hótélrekstur, þjónustu við ferðamenn á Íslandi, flugafgreiðslu eða fraktflutninga milli landa.

Millilandaflugstarfsemin hefur gengið vel það sem af er ári og horfur fyrir seinni hluta ársins eru einnig góðar. Eldsneytisverð er áætlað lægra en útlit var fyrir í byrjun árs og hefur það jákvæð áhrif á afkomuna. Bókunarstaðan er góð og í takt við aukið framboð. Gert er ráð fyrir að millilandafarþegar verði um 2,3 milljónir á árinu, sem er 15% aukning frá fyrra ári.

Innanlandsflugstarfsemi félagsins býr við krefjandi rekstrarumhverfi meðal annars vegna mikilla hækkana á opinberum gjöldum á Íslandi á undanförmum árum. Brugðist hefur verið við með minna framboði. Félagið ráðgerir að minnka flugáætlun sína innanlands um 4% miðað við árið 2012 vegna þessa.

Afkoma af fraktstarfsemi Icelandair Group hefur batnað. Markvisst hefur verið dregið úr leiguflugsstarfsemi og áherslan í staðinn sett á frakt með áætlunarflugi. Tvær vélar sinna áætlunarflugi til og frá Íslandi til Evrópu og N-Ameríku ásamt því að lestar farþega véla í millilandaflugi eru nýttar til fraktflutninga. Útlitið fyrir þennan hluta starfseminnar er gott og þá sérstaklega varðandi útflutning frá Íslandi sem hefur aukist á milli ára. Tvær vélar til viðbótar sinna föstum leiguverkefnum fyrir TNT í Evrópu. Önnur leiguflugsstarfsemi Icelandair Group gengur ágætlega og er félagið nú með 8 flugvélar í útleigu í Rússlandi, Venesúela og Nýju Gíneu.



Miklar endurbætur hafa átt sér stað á hótélum Icelandair Group á síðustu tveimur árum. Tilkoma nýrra áfangastaða og aukin tíðni í millilandaflugi Icelandair Group, ásamt markvissari markaðssetningu Íslands sem heilsársáfangastaðar hefur haft jákvæð áhrif á nýtingu hótela félagsins, sérstaklega yfir vetrarmánuðina. Bókunarstaða er góð og með svipuðu móti og undanfarin ár. Sú breyting hefur þó orðið á að bókanir berast nú með styttri fyrirvara en áður.

Staða eldsneytisvarna félagsins í lok júní er dregin fram í töflunni hér á eftir. Taflan sýnir að 46% af áætlaðri notkun á tímabilinu júlí-desember 2013 hefur verið varin með samningum. Auk samningsbundinna varna skilgreinir félagið samspil EUR/USD og eldsneytisverðs sem innri áhættuvörn.

2013	Áætluð notkun (tonn)	Skiptasamn. og valréttir	Meðalverð samninga USD	Hlutfall varið
Júlí	26.245	12.400	1.030	47%
Ágúst	26.191	12.400	1.021	47%
September	21.109	10.250	999	49%
Október	17.776	8.250	984	46%
Nóvember	15.216	6.250	965	41%
Desember	13.959	6.250	976	45%
<b>Samtals</b>	<b>120.496</b>	<b>55.800</b>	<b>1.002</b>	<b>46%</b>

\* eru meðtaldir í dálknum „Skiptasamningar og valréttir“

## EBITDA SPÁ 2013

Í byrjun árs gaf Icelandair Group út EBITDA-spá fyrir árið 2013 sem nam 115-120 milljónum USD. Samhliða birtingu uppgjors fyrsta ársfjórðungs var spáin hækkuð í 122-127 milljónir USD. Samkvæmt nýrri spá (sem byggir á rauntölum fyrir fyrstu 6 mánuði ársins og uppfærðum forsendum fyrir aðra mánuði) er gert ráð fyrir að EBITDA fyrir árið í heild muni hækka og nema 140-145 milljónum USD. Sú spá gerir ráð fyrir að meðalverð á hvert tonn á þotuelsneyti verði að meðaltali 941 USD/tonn í júlí, 1.000 USD/tonn á tímabilinu ágúst-september og 1.030 USD/tonn á fjórða ársfjórðungi. EUR/USD krossinn er áætlaður að meðaltali 1,30. Spáin verður næst uppfærð í tengslum við birtingu uppgjors fyrir þriðja ársfjórðung 2013.


## HLUTHAFAR

- | **Hlutabréfaverð Icelandair Group hefur hækkað um 58% frá áramótum.**
- | **Hlutabréfaverð Icelandair Group hækkaði um 14% á öðrum ársfjórðungi.**
- | **Markaðsvirði í lok júní var 65,0 milljarðar íslenskra króna.**

Markaðsvirði félagsins nam 65,0 milljörðum króna í lok annars ársfjórðungs 2013. Lokaverð fjórðungsins var 12,99 krónur á hvern hlut. Hæsta dagslokaverð á hvern hlut í fjórðungnum var 13,49 krónur, lægsta dagslokaverð á hvern hlut var 11,13 krónur og meðaltals dagslokaverð á tímabilinu var 12,64 krónur á hvern hlut. Fjöldi útgefinna hlutabréfa þann 30. júní 2013 var 5.000.000.000 og fjöldi útistandandi bréfa á sama tíma var 4.974.540.000. Hlutabréfaverð félagsins hækkaði um 58% á fyrstu sex mánuðum ársins 2013 og fjöldi hluthafa var 1.697 í lok júní og fjölgaði um 239 frá upphafi árs.



## Hlutabréfaverð og velta - þróun á fyrstu 6 mánuðum ársins 2013:



## KYNNINGARFUNDUR 1. ÁGÚST 2013

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn fimmtudaginn 1. ágúst 2013 á Icelandair Hótel Reykjavík Natura. Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, og Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála, munu kynna afkomuna og svara spurningum. Kynningin hefst kl. 08:30 og verður í Þingsal 2. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Icelandair Group: [www.icelandairgroup.is](http://www.icelandairgroup.is) og í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland hf.

## SAMÞYKKT ÁRSHLUTAREIKNINGS

Samstæðureikningur Icelandair Group vegna uppgjors annars ársfjórðungs 2013 var samþykktur á stjórnarfundum þann 31. júlí 2013.

## FJÁRHAGSDAGATAL

- | Uppgjör 3. ársfjórðungs - vika 44, 2013
- | Uppgjör 4. ársfjórðungs - vika 6, 2014

## FREKARI UPPLÝSINGAR VEITA

- | Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, sími: 896-1455
- | Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála Icelandair Group, sími: 665-8801